



Öldrunarlækningar

Sérfræðilæknir í geðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í geðlækningum með aðsetur á Landakoti. Um er að ræða uppbyggingar- og þróunarstarf í öldrunargeðlækningum. Náin samvinna er við öldrunarlækna.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérhæfð geðlæknisþjónusta við eldra fólk, sem flest hefur líkamlega sjúkdóma jafnframt
- » Göngudeildarþjónusta eftir tilvísun frá læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki, þar sem unnið er í teymisvinnu með hjúkrunarfræðingi og sálfræðingi
- » Ráðgjafarþjónusta fyrir innliggjandi sjúklinga á öldrunarlækningadeild

Hæfnikröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í geðlækningum
- » Áhugi á öldrunargeðlækningum
- » Hæfni og lipurð í samskiptum

Sérfræðilæknir í lyflækningum

Laust er til umsóknar afleysingastarf sérfræðilæknis í lyflækningum á öldrunarlækningadeildum. Starfið veitist til eins árs eða skemur með möguleika á framlengingu. Starfsvettvangur er á Landakoti og eru vaktir þar.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið á deildunum felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfstéttum og sérgreinum spítalans. Leitast er við að hafa samfellu í meðferð sjúklinga.

Hæfnikröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í lyflækningum en læknir með mikla reynslu í lyflækningum eða skyldum greinum kemur einnig til greina
- » Hæfni og lipurð í samskiptum

Deildarlæknir í öldrunarlækningum

Laust er til umsóknar starf deildarlæknis í öldrunarlækningum. Um er að ræða námsstöðu sem veitist til eins árs en möguleiki er á skemmri ráðningu. Starfið er kjörið til sérnáms í öldrunarlækningum, heimilislækningum, lyflækningum og fleiri greinum. Starfsvettvangur er á Landakoti og í Fossvogi. Vaktir eru á Landakoti. Einnig getur staðan verið góð endurmenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna.

Helstu verkefni og ábyrgð

Deildarlæknir hlýtur þjálfun og reynslu á öllum sviðum öldrunarlækninga, við greiningu og meðferð á hinum ýmsu öldrunarlækningadeildum, svo sem bráðaöldrunarlækningadeild, öldrunarlækningadeildum með áherslu á endurhæfingu, auk dagdeildar, göngudeildar og starfi á hjúkrunarheimilum.

Hæfnikröfur

- » Almenn lækningaraleyfi
- » Íslenskukunnátta
- » Hæfni og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarrestur er til og með 15. maí 2012.
- » Starfshlutfall er 100% en varðandi sérfræðilæknastarf þá kemur hlutastarf til álita.
- » Störfin veitast frá og með 1. september 2012 eða eftir samkomulagi.
- » Umsókn um starf sérfræðilæknis fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Umsókn um starf deildarlæknis fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, til Pálma V. Jónssonar, yfirlæknis, K4 öldrunarlækningar Landakoti.